

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1997

Nr. 538

1218

29. ágúst 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 445/1997, um tollafgreiðslu hraðsendinga.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Fram til 1. október 1997 er heimilt að tollafgreiða hraðsendingar eftir þeim reglum sem giltu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, sbr. reglugerð nr. 327/1990.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. er heimilt að fullnaðartollafgreiða vöru, sem afhent hefur verið fyrir 1. janúar 1998, allt að fjórtán dögum eftir afhendingu hennar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Fjármálaráðuneytinu, 29. ágúst 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 539

10. september 1997

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrotá, nr. 404 27. júní 1997.

1. gr.

Í stað „15. september 1997“ í 16. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. janúar 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 57 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Gutenberg